

Ár 2017, þriðjudaginn 20. júní, var fundur í kjararáði að Hverfisgötu 6a í Reykjavík haldinn af Jónasi Þór Guðmundssyni, Huldu Árnadóttur og Svanhildi Kaaber.

Fyrir var tekið:

Að ákveða laun og starfskjör ríkisendurskoðanda

I.

Samkvæmt 19. gr. laga nr. 46/2016 um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga ákveður kjararáð laun ríkisendurskoðanda.

II.

Kjararáði barst bréf frá ríkisendurskoðanda dagsett 30. júní 2016. Í bréfinu er þess óskað að kjararáð endurskoði launakjör ríkisendurskoðanda. Fram kemur að Ríkisendurskoðun sé önnur tveggja eftirlitsstofnana Alþingis, hin sé umboðsmaður Alþingis. Ríkisendurskoðandi sé sjálfstæður í störfum sínum og taki ekki við fyrirmælum frá öðrum. Hann ráði starfsmenn til Ríkisendurskoðunar og beri ábyrgð á störfum hennar og þeim skýrslum og bréfum sem frá stofnuninni fari. Samkvæmt lögum beri henni að annast endurskoðun ríkisreiknings, ríkisstofnana, ríkisfyrirtækja og sjóða, lánastofnana og hlutafélaga og sameignarfélaga þar sem eignarhlutur ríkisins sé 50% eða meira. Að auki annist stofnunin gerð stjórnýsluúttekta og hafi eftirlit með fjármálum stjórnmalasamtaka, eftirlit með staðfestum sjóðum og með skilum ársreikninga kirkjugarða og þjóðkirkjusafnaða. Ríkisendurskoðandi sé helgaður starfi sínu og megi ekki taka að sér önnur störf. Í bréfi ríkisendurskoðanda segir einnig að í lögum um umboðsmann Alþingis sé kveðið á um að forsætisnefnd Alþingis ákveði laun umboðsmanns en að öðru leyti skuli hann njóta kjara hæstaréttardómara. Segir jafnframt í bréfinu að telja verði eðlilegt að laun ríkisendurskoðanda verði ekki lægri en laun umboðsmanns Alþingis.

Með bréfum dagsettum 21. júlí 2016 gaf kjararáð forsætisnefnd Alþingis og fjármála- og efnahagsráðuneyti kost á að leggja fram greinargerðir vegna erindis ríkisendurskoðanda, sbr. 6. gr. laga um kjararáð.

Fjármála- og efnahagsráðuneyti sendi kjararáði bréf dagsett 16. ágúst 2016. Í bréfinu segir að ráðuneytinu sé ekki kunnugt um á hvern hátt starfsemi ríkisendurskoðanda hafi breyst eða aukist frá því kjararáð úrskurðaði síðast um laun hans að öðru leyti en því sem fram komi í bréfi hans. Telur ráðuneytið eðlilegt að kjararáð horfi til þess auk annarra viðmiðana við athugun á því hvort endurskoða skuli laun ríkisendurskoðanda.

Forseti Alþingis sendi kjararáði bréf dagsett 11. ágúst 2016. Í bréfinu segir að eðlilegt sé að launakjör ríkisendurskoðanda og umboðsmanns Alþingis séu hliðstæð. Hér sé um hliðstæð ábyrgðarstörf að ræða, forystustörf tveggja eftirlitsstofnana Alþingis. Báðir séu embættismennirnir sérstakir trúnaðarmenn Alþingis, hvor á sínu sviði.

Með bréfi dagsettu 31. ágúst 2016 fékk ríkisendurskoðandi send framangreind bréf til kynningar og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum um efni þeirra. Í bréfi ríkisendurskoðanda dagsettu 5. september 2016 eru fyrri sjónarmið ítrekuð.

III.

Samkvæmt lögum nr. 46/2016 um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga er hlutverk ríkisendurskoðanda að hafa í umboði Alþingis eftirlit með fjárreiðum ríkisins, stofnana þess og ríkisfyrirtækja á þann hátt sem nánar er greint í lögnum. Ríkisendurskoðandi skal í störfum sínum hafa eftirlit með tekjum ríkisins og að fjárheimildir og hvers konar verðmæti séu nýtt og þeim ráðstafað á hagkvæman og réttmætan hátt og í samræmi við forsendur og ákvarðanir Alþingis. Ríkisendurskoðandi skal upplýsa Alþingi og stjórnvöld um

málefni sem varða rekstur og fjárreiður ríkisins, leiða í ljós frávik frá lögum og reglum á því sviði og gera tillögur að úrbótum, bættri stjórnsýslu, skýrari ábyrgð og betri nýtingu ríkisfjár. Skýrsla um störf ríkisendurskoðanda á liðnu starfsári er lögð fyrir Alþingi. Ríkisendurskoðanda er heimilt að fela endurskoðendum, endurskoðunarfyriertækjum og öðrum sérfræðingum að vinna í umboði sínu að einstökum verkefnum sem stofnuninni eru falin með lögum.

Skrifstofa ríkisendurskoðanda nefnist Ríkisendurskoðun og fer hann með stjórn hennar. Ríkisendurskoðandi er sjálfstæður í störfum sínum og ákveður sjálfur hvernig hann sinnir hlutverki sínu samkvæmt lögnum.

Alþingi kýs ríkisendurskoðanda til sex ára í senn. Heimilt er að endurkjósa ríkisendurskoðanda einu sinni. Hann skal hafa þekkingu á reikningsskilum og ríkisrekstri auk stjórnunarreynslu og má ekki vera alþingismaður. Forsætisnefnd Alþingis tilnefnir fulltrúa við kosninguna. Aðrar tilnefningar þingmanna skulu berast forseta Alþingis svo tímanlega að unnt sé að kanna kjörgengisskilyrði áður en kosning fer fram. Ef ríkisendurskoðandi andast eða verður af öðrum sökum ófær um að gegna starfinu á starfstíma kýs Alþingi ríkisendurskoðanda að nýju. Sama hátt skal hafa á ef ríkisendurskoðandi fær að eigin ósk lausn frá embætti sínu eða tveir þriðju hlutar þingmanna samþykkja að víkja honum úr embætti. Við tímabundin forföll ríkisendurskoðanda gegnir staðgengill embætti hans meðan forföll vara. Hann hefur rétt til biðlauna þegar hann lætur af starfi, samkvæmt VI. kafla laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Ríkisendurskoðandi ræður starfsmenn Ríkisendurskoðunar. Hann velur einn þeirra sem staðgengill í forföllum sínum. Ráðning staðgengils skal þó staðfest af forsætisnefnd.

Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis getur ýmist að eigin frumkvæði eða samkvæmt tillögu sem henni berst farið fram á að ríkisendurskoðandi taki saman skýrslu um einstök mál eða málaflokka sem falla undir starfssvið hans. Sama gildir ef níu þingmenn óska þess með skýrslubeiðni í þingsal og skal þá taka beiðnina fyrir. Taki ríkisendurskoðandi beiðni til athugunar greinir hann stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd frá umfangi hennar og áætluðum skilum. Komi í ljós að umfang athugunar er umtalsvert meira en áætlað var eða ekki er unnt að ljúka skýrslu á áætluðum tíma greinir ríkisendurskoðandi stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd frá því og tillögum sínum þar að lútandi.

Ríkisendurskoðandi kveður á um aðild Ríkisendurskoðunar að alþjóðasamtökum ríkisendurskoðanda og öðrum samtökum sem eru nauðsynleg í alþjóðlegu samstarfi embættisins. Er honum jafnframt heimilt að innleiða endurskoðunarstaðla sem samtökin hafa samþykkt. Við innleiðinguna skal gæta þess að einstakir staðlar falli að íslenskum aðstæðum eftir því við sem á.

IV.

Í 8. gr. laga um kjararáð segir, að það skuli við úrlausn mála gæta innbyrðis samræmis í starfskjörum þeim sem það ákveður, og að þau séu á hverjum tíma í samræmi við laun í þjóðfélaginu hjá þeim sem sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgðar. Við ákvörðun sína skuli kjararáð gæta þess að föst laun fyrir dagvinnu, annarra en forseta Íslands, verði ekki hærri en föst laun forsætisráðherra samkvæmt 3. gr. Við ákvörðun launakjara samkvæmt 4. gr. laganna skuli sérstaklega gæta samræmis milli þeirra og þeirra kjara hjá ríkinu sem greidd eru á grundvelli kjarasamninga annars vegar og ákvarðana kjararáðs samkvæmt 3. gr. hins vegar. Þá skuli kjararáð ætíð taka tillit til almennrar þróunar kjaramála á vinnumarkaði. Í 10. gr. laganna segir að ráðið skuli taka mál til meðferðar þegar því þyki þurfa og ætíð ef orðið hafa verulegar breytingar á þeim launum í þjóðfélaginu sem höfð skulu til viðmiðunar samkvæmt lögnum eða á störfum þeirra sem úrskurðarvald þess tekur til.

Kjararáð ákvað ríkisendurskoðanda laun þann 18. apríl 2007. Í þeirri ákvörðun kom fram að kjararáð teldi eðlilegt að launakjör hans væru sambærileg við launakjör æðstu embættismanna Stjórnarráðsins. Frá þeim tíma hafa laun hans tekið breytingum í samræmi við almennar ákvarðanir kjararáðs. Hér að framan er gerð grein fyrir hlutverki Ríkisendurskoðunar. Ríkisendurskoðandi er sérstakur trúnaðarmaður Alþings, kosinn af Alþingi til sex ára í senn og ber ábyrgð gagnvart Alþingi. Hann er sjálfstæður og engum háður í störfum sínum. Sem fyrr er það mat kjararáðs að við ákvörðun launakjara ríkisendurskoðanda sé höfð hliðsjón af launakjörum æðstu embættismanna Stjórnarráðsins. Með vísan til framangreinds og að teknu tilliti til þess innbyrðis samræmis sem kjararáði ber að hafa að leiðarljósi og áður er getið hefur kjararáð ákveðið að laun og önnur starfskjör ríkisendurskoðanda skuli vera svo sem segir í ákvörðunarorði.

V.

Ákvörðunarorð

Frá og með 1. júlí 2016 skulu mánaðarlaun ríkisendurskoðanda vera samkvæmt launatöflu kjararáðs nr. 502, launaflokk 145, nú 1.294.693 krónur. Að auki skal greiða honum 45 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu er starfinu fylgir.

Eining er 1% af launaflokk 502-136, nú 9.572 krónur. Einingar greiðast alla mánuði ársins, einnig í sumarleyfi. Af því leiðir að ekki er greitt orlofsfé á einingar.

Laun eru við það miðuð að um fullt starf sé að ræða og þannig ákveðin að ekki komi til frekari greiðslna nema kjararáð úrskurði um það sérstaklega.

Um almenn starfskjör ríkisendurskoðanda gilda reglur kjararáðs frá 17. nóvember 2015.

Jónas Þór Guðmundsson

Hulda Árnadóttir

Svanhildur Kaaber